

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977,  
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

A) Samkvæmt magnhemli kr. 5 700.00 fyrir hvern mínútulíttra á mánuði.

B) Samkvæmt vatnsmæli kr. 285.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Pegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Jöfnur í 7. gr. gjaldskrárinnar, sem gilda um útreikning á heimæðagjaldi verði þannig:

$$\text{a-liður: } H = 286.950 + 313 \times V$$

$$\text{b-liður: } H = 430.425 + 470 \times V$$

$$\text{c-liður: } H = \frac{H_n}{286.950 \times n + 313 \times V_n} \times (286.950 + 313 \times V)$$

11. gr. gjaldskrárinnar, fyrsta málsgrein, orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við visitölu byggingarkostnaðar 1. október 1978, 240 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*lönaðarráðuneytið, 27. október 1978.*

F. h. r.

**Árni Þ. Árnason.**

*Kristmundur Halldórsson.*

20. september 1978.

Nr. 381.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs Vestri-Garðsauhjóna, Jóns Árnasonar og Sigríðar Skúladóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. september 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**Minningarsjóðs Vestri-Garðsauhjóna, Jóns Árnasonar og  
Sigríðar Skúladóttur.**

**1. gr.**

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Vestri-Garðsauhjóna, Jóns Árnasonar og Sigríðar Skúladóttur.